

birta

stendur í báðar

SIRKUSPORTIÐ

Markaðsstemning í miðbænum

ÁSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

Hannar fyrir erlendan markað

TÍSKA

Krullað og náttúrulegt

UNNUR ÖSP

» Skapar fantasíuheim
á stóra sviðinu «

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
30. júní - 6. júlí

L' O R

Color Riche

Kynnir línuna

Star Secrets

4 leyndardómsfullir, frábærir litir afhjúpa einstaka persónutöfra.

Einstaklega þægilegur varalitur.
Frábærir E-vítamínbættir litir.


Eva Longoria sést hér með Color Riche Star Secrets caramel nr. 704

É A L

Eva Longoria

„Ég elska þennan lit, Caramel, með kopargljáa sem fellur vel að möttu litarhafti mínu. Ég hef Color Riche Star Secrets alltaf með mér jafnt daga sem kvöld.“

Því þú átt það skilið!



L'ORÉAL
PARIS

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Við erum 120 ára 1. júlí.
Þér er boðið í afmæli.



Landsbankinn



18



24



14



22

Petta helst

- 7 Ferðahelgin mikla
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Harðar Ellerts Ólafssonar
- 12 Kristjana Stefánsdóttir: Þegar töfrarnir taka völdin

Greinar og viðtöl

- 14 Creative clothes: Kvenlegt en gróft
- 18 Unnur Ösp Stefánsdóttir: Barist fyrir frelsinu í fantasíuheimi
- 24 Föt, glingur og dótari
- 28 Inga Björk Ingadóttir: Hjálpar fólki með tónlistinni

Hann/hún

- 22 Ferskur fiskur í álböggli
- 32 Krullað og náttúrulegt
- 34 Brynhildur elur upp
- 36 Kaupvenjur kynjanna
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjórnuþá
- 42 Skór fyrir litla fætur
- 44 Náttúruleg ráð við kvefi
- 46 Vatn í stað orkudrykkja

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

birta

30. júní – 6. júlí 2006 nr. 26

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Þórgunnur Oddsdóttir
thorgunnur@frettabladid.is
og Steinunn Stefánsdóttir (ábm.)
steinunn@frettabladid.is
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is
Sölustjóri 550 5845 / 899 7600
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Markaðsfulltrúi 550 5854 / 866 0796
Gréta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is
Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Markaðsfulltrúi 550 5811 / 821 7514

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Arnór Bogason, Linda Stefánsdóttir
og Kristín Agnarsdóttir
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: HARI
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



ÁRBÆJARSAFN

- GOTT HEIM AÐ SÆKJA



OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

*Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is*



Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN



Ferðahelgin mikla

Texti: VALGEIR RAGNARSSON
Mynd: VILHELM GUNNARSSON

Áratugum saman hafa Íslendingar streymt út í guðsgræna náttúruna þessa fyrstu helgi júlímánaðar og gefið lítið fyrir þá staðreynd að á Íslandi er allra veðra von. Bjartsýnir Íslendingar í ferðahug láta sjaldan bugast, ekki einu sinni þegar hin séríslenska lárétta rigning dynur af krafti á litlu kúlutjöldunum sem mega síns lítils gegn óvægum náttúruöflum. Það er fátt sem jafnast á við bjartar íslenskar sumarnætur og ævintýrin sem þeim fylgja. Ullarpeysa, ferðagrill, falskur gítar, langar nætur og votir fætur eru fullkomin uppskrift að eftirminnilegri helgi. Látum til leiðast og njótum sumarsins, hvernig sem viðrar. Það verður hvort eð er farið að hausta áður en við vitum af.

heitt & kalt |

HELGARFERÐ TIL BARCELONA
Upplífandi á öllum árstímum. Varið ykkur bara á þjófum.

JURTAAPÓTEKIÐ selur alls kyns jurtablöndur og fæðubótarefni sem eru góð fyrir líkama og sál.

LITRÍKAR KARLASKYRTUR Eiga vel við í sumar en spurning hvort þær tolli lengi í tísku.

G-STRENGIR FYRIR KARLMENN Ekki þægilegir frekar en g-strengir kvenna, þótt sumir haldi öðru fram.

DANSKI KÚRINN Kúrar af þessu tagi endast yfirleitt ekki lengi, samþanber kolvetnakúrin og sveppurinn (oj).

Brúðkaup » Vilt þú ganga að eiga ...

Sumarið er sá tími sem flestir velja til að ganga í hjónaband. Þeir sem eru á hinum svokallaða giftingaraldri eiga því fullt í fangi þessa dagana og þufa að láta sjá sig í ófáum brúðkaupum í sumar. Allir eru að gifta sig og það er brúðkaupsveisla um hverja helgi. Brúðkaupin eru af ýmsum toga. Sumir velja látlausa athöfn meðan aðrir halda stóra veislu og bjóða fjölda fólks. Þeir sem ekki er boðið í neitt brúðkaup þetta sumarið fara ekki varhluta af brúðarstandinu, í helgarumferðinni er ekki óalgenget að rekast á skreytta bíla og brúðarmarsinn heyrst óma frá annarri hverri kirkju.



Gallabuxur »

Litríkar og niðurþröngar

Tíundi áratugurinn lifir. Við sem héldum að hann myndi aldrei lifna aftur getum étíð það ofan í okkur. Hvítar, grænar og rauðar gallabuxur eru komnar aftur í tísku og nú einnig með áhrifum frá níunda áratugnum þannig að þær eru ekki bara í skemmtilegum litum heldur líka niðurþröngar. Nú er bara að bíða eftir vinnufataúlpunum, hermannaklossunum og stuttermanna afabólunum frá Guðsteini.

Mánaðarmót » Fyrstu sumarlaunin

Loksins, loksins fá blankir háskólastúdentar og menntaskólanemar laun eftir harðan og kaldan vetur. Þetta eru ánægjuleg tímamót á árinu og ekki verra þegar persónuafslátturinn er búinn að safnast upp yfir skólaárið. Ekki er það síður ánægjulefni fyrir hina ungu vinnuskólanemendur að fá fyrstu launafærsluna inn á reikninginn sinn. Greyin litlu eru orðin saltin í fót, geisladiska og glingur. Það er því ekki ólíklegt að rekast á unglinga á Laugaveginum eða í verslunarmiðstöðum landsins um mánaðarmótin, með afrakstur sláttar og arfatínslu í vasanum. Ja, alla nema þá sem eru skynsamir og leggja launin samvisskusamlega inn á lokaðan reikning.



Heyannir » Annatími í sveitinni

Slátturinn er hafinn og þar með annatími í sveitum landsins. Ilmur af nýsleginni töðu tekur flestum lyktum fram og stemningin er einstök sem ótvírætt skapast þegar öflun vetrarforða búfjárins stendur yfir. Þó nú sé hægt að ná góðum hejum í plast þrátt fyrir daufan þurrk og að mestu sé liðin sé sú tíð að bændur eigi allt sitt undir sól og regni þá er slátturinn alltaf spennandi tími í sveitinni. Þeir sem leið eiga um vegi landsins þurfa stundum að hægja á sér þegar dráttarvélar með tæki og heyvagna eru á ferð og teppa brautina. Þá er ekkert annað að gera en anda rólega, gíra niður og gefa sér tíma til að njóta útsýnisins.





45
DESIBIL

AAA
ORKA ÞVOTTUR ÞURRKUN

NÝTT! Stærri að innan meira rými!

Electrolux

- ✓ Extra há uppþvottavél, hentar undir 88-94 cm borðhæð
- ✓ Ötrúlega hljóðlát, aðeins 45 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi, þ.á.m. hraðkerfi og sjálfvirkir kerfi, glasakerfi og erfiðskerfi
- ✓ Tímaskjár sem sýnir rauntíma
- ✓ Val um 70°/65°/50°/45°C
- ✓ Sveigjanleg innrétting
- ✓ Innbyggð lýsing
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ HxBxD: 87-93x60x61 cm

Verð nú 59.900
AFSLÁTTUR 25%



AAA
ORKA ÞVOTTUR ÞURRKUN

Verð nú 64.900
AFSLÁTTUR 25%

AEG

- ✓ Afburða hljóðlát uppþvottavél hlaðin þægindum og nýrri tækni. Stálframhljóð.
- ✓ Hljóðlát, aðeins 43 dB(A)
- ✓ 6 þvottakerfi, þ.á.m. hraðkerfi og sjálfvirkir kerfi ásamt glasa- og erfiðskerfi
- ✓ Tímaskjár sem sýnir rauntíma
- ✓ Val um 70°/65°/60°/50°/45°C
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Innbyggð lýsing
- ✓ Verð áður kr. 119.900

AEG

Vönduð þýsk uppþvottavél frá AEG. Afar hljóðlát.

- ✓ Hljóðlát, aðeins 49 dB(A)
- ✓ 4 þvottakerfi, þ.á.m. hraðkerfi og sjálfvirkir kerfi og erfiðskerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Val um 70°/65°/50°/45°C
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Verð áður kr. 84.900



43
DESIBIL

AAA
ORKA ÞVOTTUR ÞURRKUN

Verð nú 99.900
AFSLÁTTUR 17%

UPP-ÞVOTTADAGAR

Sparaðu allt að 25%



ZANUSSI

- ✓ Hljóðlát Zanussi vél með kámfriiri stálframhljóð og snertitökkum
- ✓ Hljóðlát, aðeins 47 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi, þ.á.m. hraðkerfi og sjálfvirkir kerfi ásamt glasa- og erfiðskerfi
- ✓ Tímaskjár sem sýnir rauntíma
- ✓ Val um 70°/60°/50°/45°C
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ AquaPulse þvottatækni
- ✓ Verð áður kr. 89.400

Verð nú 74.900
AFSLÁTTUR 17%



45
cm

Verð nú 59.900
AFSLÁTTUR 20%

ZANUSSI

- ✓ Sérstaklega mjó uppþvottavél, aðeins 45 cm á breidd.
- ✓ Hljóðlát, aðeins 49 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi, þ.á.m. hraðkerfi og sjálfvirkir kerfi ásamt erfiðskerfi
- ✓ Val um 70°/60°/50°/45°C
- ✓ A/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Verð áður kr. 74.900

AAA
ORKA ÞVOTTUR ÞURRKUN



Opíð Virka daga 9-18
Lokað laugardaga í júlí og ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is



brennslan mín ...

Hörður Ellert Ólafsson ljósmyndari

Kúabjallan bjargaði tónlistinni

Það er mikið að gerast í lífi Harðar þessa dagana. Hann er formaður Stúdentaléikhússins og á fullu að undirbúa næsta leikár auk þess að vera ljósmyndari í fullu starfi. Hann var þó meira en til í að velja brennsluna sína en hann hefur alltaf verið ástfanginn af kúabjöllunni í tónlist og vill meina að það tónlistin sé ekki tónlist ef það vantar kúabjölluna.

- | | |
|---------------|---|
| LAG 1 | Moby Dick - Led Zeppelin. Þetta hefur verið upphaldslagjöld mitt frá því ég heyrði það fyrst, það er ótrúlegt að sjá John Bonham spila þetta live án trommukjuða (á DVD). |
| LAG 2 | Porkell - Mammút. Helvíti skemmtilegt íslenskt lag, og söngkonan mjög efnilig, á eflaust eftir að marka sér sess í íslensku tónlistarlífi framtíðarinnar. Íslenskir tónlistarmenn mættu taka Mammút sér til fyrirmyndar og nota kúabjölluna í tónlist sinni. |
| LAG 3 | Low Rider - WAR. Crazy lag, kemur manni alltaf í stuð, þetta er einfaldlega snilldarlag þegar maður er að keyra um landið með opinn glugga í góðu veðri. |
| LAG 4 | Don't Fear the Reaper - Blue Oyster Cult. Þetta er bara mesta kúabjöllusnilld í heimi. „WE NEED MORE COWBELL!“ Christopher Walken. |
| LAG 5 | Honky Tonk Woman - Rolling Stones. Fyrsta lagjöld með kúabjöllu sem ég man eftir að hafa heyrð. Ég var fimm eða sex ára á sumar-fagnaði á Hvolsvelli, ógleymanleg stund:) |
| LAG 6 | Believe - GusGus. Eitt besta lag GusGus fyrr og síðar, þökk sé kúabjöllunni. |
| LAG 7 | Little sister - Queens of the Stone Age. Þrusukröftugt rokklag sem leyfir engum að sitja kyrrum. |
| LAG 8 | Weapon of choice - Fat Boy Slim. Eina ástæðan fyrir að þetta lag er á listanum er myndbandið. Christopher Walken kemst í annað skip-tíð á kúabjöllulistann minn, án þess að vera tónlistarmaður. Það dansar enginn í bransanum betur en Walken. |
| LAG 9 | Groove is in the heart - Dee Lite. Eðal grúv, það komast allir í fíling við þetta lag. |
| LAG 10 | Lay Lady Lay - Bob Dylan. Klassík, það þarf ekkert að segja meira en það. Fyrir þá sem þekkja ekki lagið, stökkvið í Skífuna og athugið hvort María vill ekki leyfa ykkur að hlusta. |

» birta mælir með ...

... VEITINGAHÚSINU NARFEYRARSTOFU Í STYKKISHÓLM

Notalegur veitingastaður í fallegu húsi á besta stað í Hólminum. Einn besti rétturinn á matsæðlinum er svokölluð fiskitvenna; Ljúffeng fiskisúpa sem borin er fram með svartfuglsalati. Á staðnum má einnig fá góða hamborgara og ýmsa rétti fyrir börnin. Verðið er gott og þjónustan framúrskarandi. Narfeyrarstofa er veitingahús eins og þau gerast best á Íslandi.



... PLÖTUNNI TIMELESS með hinum

goðsagnakennda Sergio Mendes. Hér eru á ferð endurgerðir af lögum Sergio Mendes og Brazil 66 sem gerðu garðinn frægan á sjöunda áratugnum. Framleiðandi plötunnar er Will.I.Am úr Black Eyed Peas en sú hljómveit setur einmitt smellinn Más Que Nada í nýjan búning á plötunni. Aðrir listamenn sem koma við sögu á þessari samba, hip hop og rapp-plötu eru til að mynda John Legend, India Arie, Stevie Wonder og Justin Timberlake.

... VANILLA HAZELNUT CELESTIAL

SEASONINGS DESSERT TEA. Teið fæst meðal annars í Søstrene Grene og rennur afar ljúflega niður eftir góða máltíð. Teið er líka koffínlaust sem er ekki verra. Ljúfur vanillukeimurinn blandast við hnetubragðið sem er blanda sem klikkar ekki. Nammi namm.



Töff tölvutengi

NÝTT

Nú er sko hægt að flytja gögn milli tölva með stæl! Vefsíðan www.mimoco.com býður upp á töff og litrik USB-tengi sem hægt er að nota bæði fyrir Windows og Mac og kallast mimobots.

Nú hafa þrír lykjar bæst í hópinn, þeir Ramona, Link og Betty-Lou, sem hannaðir eru af Lili Chin. Tengin fara í sölu um miðjan júlí þannig að það er um að gera að panta strax í dag. Hvert tengi kostar allt að 150 dollara, eða um 12.000 íslenskar krónur.

Hægt er að fá öll tengin á síðunni með 256MB, 512MB, 1GB og 2GB getu en hvert tengi er jafnframt framleitt í takmörkuðu upplagi. Enda ekkert gaman ef allir eiga svona ótrúlega flott USB-tengi!



Canon DAGAR

you can
Canon

Canon EOS 350D

Án linsu

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking" kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Öflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun



Kr. 7.473,- ¹²mán

Kr. 84.900,-

Canon EOS 350D

með 18-55mm linsu

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking" kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Öflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun



Kr. 8.423,- ¹²mán

Kr. 94.900,-

Canon EOS 350D

með 17-85mm linsu

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking" kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Öflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun



Kr. 13.509,- ¹²mán

Kr. 154.900,-



Canon RC-5

Þráðlaus fjarstýring

Kr. 2.490,-



Canon UV filter

Verð frá Kr. 2.780,-

Canon Protect filter

Verð frá Kr. 2.290,-

Canon Polarizer filter

Verð frá Kr. 7.980,-

hama

þrífotur
Omega Pro II



Þyngd: 3,9 kg
Samansettur: 84,5 cm
Hámarkshæð: 192 cm

Kr. 15.990,-

hama

Trekking



Bakpoki fyrir
ljósmyndatæki
Innanmál (B x L x H):
30 x 15 x 33 cm
Utanmál (B x L x H):
33 x 18 x 36 cm

Kr. 9.900,-

Bushnell

Powerview
12x50



12 faldur aðdráttur
Frábær alhlíða sjónauki
Taska og klútur fylgja
30 ára ábyrgð

Kr. 11.490,-

Memory Corp™

M-C -the safe choice...

8GB



15%
afsláttur

Kr. 59.900,-



Vaxtalausar greiðslur!

12
mán

Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 mánaða

HANS PETERSEN



Texti: GUNNÞÓRA GUNNARSÓTTIR Myndir: GVA

» ÞEGAR TÖFRARNIR TAKA VÖLDIN «

Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona er að leggja land undir fót með fríðu föruneyti. Tilgangur fararinnar er að leyfa landsmönnum að njóta lifandi tónlistar á björtum sumarkvöldum.

HVERT Á AÐ STEFNA?

Við byrjum reyndar í höfuðborginni og förum svo norður um land, verðum meðal annars í Stykkishólmi, á Akureyri, Húsavík, við Mývatn og austur á Seyðisfirði. Síðan tökum við lagið á Skógum undir Eyjafjöllum.

ÞÚ SEGIR VIÐ. HVERJIR ERU FERÐAFÉLAGARNIR?

Þeir eru Sigurður Flosason sem er höfundur tónlistarinnar og leikur á saxófón, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, höfundur ljóðanna, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson kontrabassaleikari, Eyþór Gunnarsson hljómborðsleikari og stórstjarnan Pétur Östlund sem sér um trommuleikinn. Þetta eru all stórskemmtilegir strákar og ég hlakka mikið til að verða á flakkinu með þeim. Vona bara að við fáum stóran bíl undir allan hópinn, það er skemmtilegra en að þurfa að skipta líði.

ÆTLIÐ ÞIÐ YKKUR LANGAN TÍMA Í FERÐINA?

Nei, þetta eru bara níu dagar sem ferðin á að taka. Það verður keyrt á hverjum degi og svo verður gigg á hverju kvöldi. Oft þróast skemmtilegir hlutir þegar sama dagskráin er flutt kvöld eftir kvöld. Það er þá sem töfrarnir taka völdin svo þetta er virkilegt tilhlökkunarefni.

EN HVERT ER TILEFNI FERÐARINNAR?

Við erum að fylgja eftir diskum sem kom út í apríl og heitir Hvar er tunglið. Hann hefur fengið fína dóma. Við höldum útgáfutónleika síðasta vetrardag í Ráðhúsi Reykjavíkur og nú á að athuga hvernig lögin hljóma á landsbyggðinni.

ER KANNSKI UTANLANDSREISA Í BÍGERÐ Í FRAMHALDI AF ÞVÍ?
Nei, það hefur ekkert verið rætt en eflaust væri það gaman.

NÓG AÐ GERA HÉR Á LANDI?

Já, þetta er bara lítill hluti af því sem ég er að fást við. Ég er alltaf með mörg járn í eldinum. Gaf út plötu á síðasta ári með undirleik Agnars Más Magnússonar píanóleikara og hún var að fá rosa fína umsögn í bandaríska vefritinu All about jazz. Ég hef líka fullt að gera í sambandi við kennslu, er einn af kennurum í FÍH og var svo að leiðbeina þátttakendunum í Idolinu. Núna er ég með krakkana í Footloose undir mínum verndarvæng í sambandi við sönginn. Svo er ýmislegt í deiglu sem ég get ekki sagt frá á þessari stundu en get fullyrst að það eru spennandi tímar framundan. Að minnsta kosti er alveg nóg að gera og það er vissulega ánægjulegt.

FÆSTU VIÐ TÓNSMÍÐAR SJÁLFR?

Já, það er fyrst núna sem ég er að láta það verða að veruleika. Ég er að vinna með gítarleikara sem heitir Birkir Rafn Gíslason og við höfum verið að búa til músík saman sem ég veit ekki alveg hvenær kemur fyrir eyru almennings. Það verður ekkert endilega einhver djass heldur getur orðið einhver allt önnur stefna.

EN HEFURÐU FARIÐ ÁÐUR SVONA TÓNLEIKAFERÐIR UM LANDIÐ EINS OG NÚ ER FRAMUNDAN?

Já, já, ég hef prófað það áður. Það er alveg frábært.

TEKURÐU ÞÉR EKKERT SUMARFRÍ?

Jú, jú, ég á eina þriggja ára dóttur og er að hugsa um að fara í bústað með henni. Ég hef grun um að það gæti orðið niðurstaðan. Við Birkir förum út til Þýskalands að spila og syngja. Sú litla verður hjá föður sínum á meðan.



MODUS
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Eftir þínu höfði



...einn hring enn!

...sástu villidýrið?



Verð frá kr. 1.660.000

og eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 4.1 ltr/100 km

Modus er stór smábíll eða smár risabíll, allt eftir sjónarhorninu. Hann er þó fyrst og fremst **nettur** og ótrúlega þéttur borgarbíll, sem býr yfir ógrynni möguleika. **Modus** er jafnframt fjölnotabíll og því með meira rými og fleiri möguleika en aðrir í sama stærðarflokki. Og ólíkt flestum bílum í þessum stærðarflokki er hann með **5 stjörnu öryggi**. Að öllu samanlögðu er **Modus** því bíll sem gefur stórum fjölskyldubílum ekkert eftir, nema hvað hann er liprari og hagkvæmari í rekstri.



Renault Megane II
Verð frá kr. 1.960.000



Renault Megane II Sport Tourer
Verð frá kr. 2.160.000



Renault Megane II Saloon
Verð frá kr. 2.110.000



Renault Megane II Scenic
Verð frá kr. 2.340.000



Renault LAGUNA II Berline
Verð frá kr. 2.720.000



Renault LAGUNA II Break
Verð frá kr. 2.840.000



RENAULT
www.renault.is

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðalegar gróður: í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Bíll á mynd: Renault Modus Dynamic Lux útgáfa, verð kr. 1.990.000



Í veturlínunni er áhersla lögð á ullarhvítt og svartan lit. Einnig er dálítið um gull, silfur og bleikan lit.

Kvenlegt EN GRÓFT



Ásta Guðmundsdóttir í verslun sinni að laugavegi 25.

Ásta Guðmundsdóttir útskrifaðist úr fatahönnun í Þýskalandi árið 1990. Hún hefur búið á Íslandi síðustu níu árin og hannað föt undir vörumerkinu Ásta Creative Clothes frá árinu 2002.

Texti: MARÍA ÞÓRA ÞORGEIRSDÓTTIR
Myndir: BJARNI GRÍMSSON OG HEIÐA

Ásta hannar tvær línur á ári, sumar- og vetrarlínu, og er kvenfatnaðurinn þar í forgrunni. „Mér finnst mikilvægt að fötin séu kvenleg og svölítið sexi,“ segir Ásta og útskýrir að fyrir sér séu það föt þar sem líkaminn og manneskjan fái að njóta sín á sem bestan hátt. „Flíkurnar verða einnig að vera vel sniðnar og ég legg mikið upp úr góðum frágangi. Fötin mín eru kannski svölítið hrá og gróf en samt fín,“ segir Ásta sem notast helst við náttúruleg efni. „Ég nota mjög mikið íslenska ull, silki og bómull. Einnig geri ég svölítið úr lamba- og geitaskinni ásamt roði, til dæmis skinnhúfur, skinnvettlinga og slár en það nýjasta eru skinnjakkar og kápur.“ Ásta kveðst nota íslenskt hráefni eins og





ricco vero

**Útsalan hafin!
Langur laugardagur!**

BB

stílistinn

Laugavegur 101, 101 Reykjavík.

Sími: 483-4121 • stilstinn.is



hægt er. „Það er mjög gaman að geta notað það en í sumarlínunni er auðvitað ekki hægt að vera með neina ull. Í staðinn er ég til dæmis með silki og hör.“

Skinnhúfur í ýmsum litum.



Ásta segir markaðinn upp tengslin. „Svona verslanir kaupa ekki mikið til að byrja með, þær gera kannski prufukaup, en með tímanum getur þetta þróast yfir í viðskipta-sambönd.“

Ásta Creative Clothes má finna í hönnunar- verslunum úti um víðan heim. „Ég gerði mér strax grein fyrir því að ég gæti aldrei lifað á því að hanna og selja vöruna einungis á Íslandi. Þess vegna fór ég strax út í að kynna hana erlendis og tvisvar á ári fer ég með línuna á sýningar í París, Kaupmannahöfn og New York. Síðan er ég að selja vörurnar í verslunum á nokkuð mörgum stöðum í Bandaríkjunum, ásamt Skandinavíu, Japan og París.“ Ekki er auðvelt að fá slíka samninga og segir Ásta það taka mörg ár að byggja

hér heima hafa breyst mikið á undanförunum árum. „Það er ekkert langt síðan verslunareigendur fóru að sýna íslenskri hönnun áhuga og núna er ég allt í einu komin með hönnun mínar í nokkrar verslanir á Íslandi,“ segir Ásta en vörurnar er meðal annars að finna í Kirsuberjatrénu, Trippen og Gallerý Kynnisferðum á Nordica Hótelu. „Í desember opnaði ég síðan verslun og vinnustofu að Laugavegi 25. Hún er á þriðju hæð og þar er öll línan mín ásamt fylgihlutum og fleiru.“

Hér má sjá vetrarlínu Ástu Creative Clothes sem kemur í verslanir með haustinu. Flíkurnar eru aðallega úr ull og silki.



ÁSTA ER FORELDRI MILLJÓNA BARNA



Ásta Bragadóttir læknir og heimsforeldri.

Heimsforeldrar eins og Ásta styðja ekki eitt einstakt barn heldur milljónir barna sem eiga um sárt að binda. Mánaðarlegt framlag hennar fer þangað sem neyðin er stærst hverju sinni. Nafnið heimsforeldri þýðir að hún lætur sig öll börn í heiminum varða.


Eitt foreldri – milljónir barna.



Við hvetjum þig til að slást í hóp heimsforeldra.
Hringdu í síma 562 6262 eða skráðu þig á www.unicef.is

Tryggjum hverju barni
Heilsuvernd, menntun, jafnrétti, umhyggju
EFLUM MANNÚÐ

unicef



BARIST FYRIR FRELSINU Í FANTASÍUHEIMI

» Söngleikurinn Footloose var frumsýndur á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi. Fjöldi leikara, dansara og söngvara tekur þátt í sýningunni sem Unnur Ösp Stefánsdóttir leikstýrir.

Viðtal: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR
Myndir: HARI

Síðan Unnur útskrifaðist sem leikkona úr Listaháskóla Íslands fyrir fjórum árum hefur hún auk þess að leika, aðeins prófað sig áfram sem leikstjóri. „Ég fann strax í leiklistarskólanum að ég hafði þörf fyrir að hafa eitthvað um heildarmyndina að segja og hef örugglega verið svolítið erfið við suma leikstjóra,“ segir hún og hlær.

Footloose er fyrsta stóra verkefnið á leiksviði sem Unnur tekur að sér en þrátt fyrir að hún hafi ekki áður leikstýrt svo stórum söngleik er hún ekki alveg ókunnug söngleikjaforminu. „Eftir að ég útskrifaðist hef ég verið svolítið í söngleikjum. Ég lék í Grease og Hárinu og bý auðvitað að þeirri reynslu. Svo var ég aðstoðarleikstjóri í Chicago hjá Þórhildi Þorleifsdóttur sem var náttúrulega mikil reynsla. Eftir það fór ég og setti upp menntaskólasöngleik, Litlu hryllingsbúðina hjá Fjölbraut í Garðabæ. Ég hef því farið í gegnum þetta ferli og þekki þetta aðeins. Annars hefði ég nú kannski ekki treyst mér út í þetta og ég hefði sennilega ekki farið beint af sviðinu út í að leikstýra svona stóri sýningu, því það er oft betra að vita örlítið út í hvað maður er að fara.“

Unnur segir að það sé tvennt ólíkt að vera leikari og leikstjóri. „Maður áttar sig ekki á því fyrir en maður hefur verið þarna megin, hvað það hvílir ótrúlega mikið á leikstjóranum. Ég er viss um að ég verð miklu betri leikari eftir þessa reynslu og miklu þægari við leikstjóran minn. Að mínu mati er það að vera leikstjóri margfalt meira og annars konar álag en að vera skapandi sem leikari inni í sýningunni. Leikstjórinn heldur einhvern veginn utan um allt og ber á endanum ábyrgð á öllu. Hann leiðir alla hestana saman og þarf að hafa mikla yfirsýn. Auðvitað er svolítið sérstakt að byrja á svona sýningu eins og Footloose því þetta er ekki einhver fjögurra manna leiksýning, heldur þrjátíu manna stórsjóf.“

SPENNANDI SAGA

Unnur var ekki í nokkrum vafa um að hún vildi taka að sér þetta verk þegar hún var beðin um það. „Það er mjög mikilvægt þegar þú berð ábyrgð á heilli sýningu að þú hafir ástríðu fyrir sögunni. Þegar ég var beðin um þetta hrópaði eitthvað inni í mér „Já, þetta verð ég að gera.“ Footloose er ein af mínum uppáhalds bíómyndum og „Holding out for a hero“ með Bonnie Tyler sem er aðallagið í söngleiknum er bara uppáhaldslagið mitt í öllum heiminum. Ég hló einmitt að því seinna með framleiðendunum að ef þeir hefðu beðið mig um að setja upp Abba-söngleik er ég ekki viss um að ég hefði getað gert það.“

Unnur segir að bíómyndir frá níunda áratugnum séu almennt í miklu uppáhaldi hjá henni. „Það er einhver einlægni í þessu tímabil og eitthvað svo ótrúlega sætt. Mér finnst söguþráðurinn í Footloose líka mjög spennandi viðfangsefni fyrir söngleik því hann gengur út á að það sé bannað að syngja og dansa og hlusta á tónlist og það er svona spennandi orka sem kraumar undir, þörfin hjá öllum unglingunum fyrir að fá útrás. Sagan fjallar sem sagt um strákur sem kemur inn í lítinn bæ þar sem er prestur sem hefur kúgað allan bæinn í nokkur ár og sett þetta bann á. Hún er lauslega byggð á sönnun atburðum því það var bær í Oklahoma í Bandaríkjunum þar sem var bannað að dansa í níutíu ár alveg þangað til að unglingarnir í skólanum gerðu uppreisn. Þó að þetta sé kannski fjarri okkar raunveruleika þá túlka ég söguna þannig að þetta snúist um baráttuna fyrir frelsinu. Svo er þetta líka lítill sæt ástarsaga því strákurinn verður ástfanginn af dóttur prestsins. Mér sjálfri líður best úti í sal þegar ég fæ tár í augun og hnút í magann og líður eins og ég sé fjórtán ára unglingur og Footloose er alveg svoléiðis.“

FOOTLOOSE FER AF STAÐ

Rúmt ár er síðan Unnur tók verkefnið að sér og mikil vinna hefur farið fram síðan þá. Á fyrstu mánuðunum réð hún til sín alla stjórnendur. „Ég

fékk alveg frábæran danshöfund frá Svíþjóð, Roine Söderlund, sem hefur hlotið verðlaun fyrir margar stórar sýningar í Gautaborg og Stokkhólmi og er með mikla reynslu. Þorvaldur Bjarni er tónlistarstjóri með mér og hann er mikill reynslubolti sem hentar ótrúlega vel í þetta því það eru mörg svona poppuð og skemmtileg lög í sýningunni. Svo fékk ég útlitshönnuðina Egil Ingibergs og Móeiði Helgadóttur sem hönnuðu leikmynd og lýsingu.“

Þessi hópur byrjaði að vinna saman mörgum mánuðum áður en æfingar hófust. „Við skoðum vídeómyndir, förum á sýningar saman og leituðum okkur að innblæstri úr öllum áttum og fundum okkur sameiginlega heildarhugmynd til að vinna sýninguna út frá. Í svona stórrí sýningu þar sem er mikið af tónlist og mikið sjóv er sérstaklega gaman að hugsa heildarhugmyndina og allar útlitshugmyndir svolítið vel.“

Unnur segir að það hafi verið sérstaklega gaman að vinna út frá því tíma-

„Auðvitað er svolítið sérstakt að byrja á svona sýningu eins og Footloose því þetta er ekki einhver fjögurra manna leiksýning, heldur þrjátíu manna stórsjóv.“

bili sem Footloose á að gerast á. „Við ákváðum strax að vera ekkert hundrad prósent trú tímabilinu heldur nota innblástur frá níunda áratugnum og blanda saman við nútímann og búa til svona fantasíuheim. Við vildum taka það svolítið alla leið að þetta er söngleikur og sjóv og vera ekkert að reyna að gera þetta að einhverju öðru en það er.“

LEITAÐ AÐ LEIKURUM

Síðasta sumar var farið í það að prófa leikara og leitin að þeim réttu tók hálf t.ár. „Við búum á litlu landi og hlutverkin eru rosalega mörg. Flestir þurfa helst að geta allt, leikið, sungið, dansað og verið metnaðarfullir, fagmannlegir, sjarmerandi og sexí allt í einu. Þannig að auðvitað var það mjög mikilvægt ferli að finna rétta leikara og ég lagði áherslu á að fá mikið af góðum dönsurum.“ Unnur er líka mjög ánægð með dansarana sem hún fékk. „Dansarnir eru frábærir. Ég er með Lovísu Ósk Gunnarsdóttur og Guðmund Elías Knutsen úr Íslenska dansfloknum, heimsmeistara í samkvæmisdönsnum og fólk frá ýmsum löndum. Þar sem sýningin gengur út á dansbann sem er ekki virt er náttúrulega mjög mikið dansað í henni og mig langaði að gera söngleik þar sem væru virkilega stórar og flottar danssenur en ekki bara einhverjir þrír dansarar sem koma inn og taka nokkur spor eins og stundum er. Ég hugsaði líka um að finna leikara sem gætu hreyft sig og er til dæmis með Selmu Björnsdóttur og fleira fólk sem er jafnvígt á þetta allt.“

Unnur segir að erfiðast hafi verið að finna leikara í aðalhlutverkin tvö. „Á endanum fundum við þessa litlu snillinga, Þorvald Davíð Kristjánsson og Höllu Vilhjálmsdóttur. Að vinna með þeim hefur verið alveg einstakt og mjög gefandi því að þrátt fyrir ungan aldur eru þau búin að vera ótrúlega fagmannleg og krefjandi á sjálf sig og magnað að vinna með þeim. Ég er bara rosalega ánægð með alla leikarana mína. Jóhann Sigurðarson og

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir eru líka í stórum hlutverkum því mér fannst mikilvægt að hafa þungavigtarleikara af eldri kynslóðinni með til þess að fara alla leið í því að gera söguna trúverðuga og sýninguna sem allra flottasta. Á endanum stendur þetta nefnilega og fellur allt með þeim sem standa á sviðinu.“

STRANGAR ÆFINGAR

Í lok apríl hófust æfingar á Footloose. „Æfingafærlið er búið að vera mjög stíft því að það er mikil dans, mikill söngur og mikill leikur í sýningunni. Við listrænu stjórnendurnir erum búin að vera að berjast um tímann og allir vilja eyða sem mestum tíma í sitt. Auðvitað er búið að vera rosalega mikið að gera en alveg ótrúlega gaman að sjá þetta allt fæðast og ná flugi. Svo er það náttúrulega alltaf þannig að síðustu vikurnar fyrir frumsýningu



er hópurinn bara uppi í leikhúsi. Ég er búin að vera í leikhúsinu allar nætur og alla morgna og þær fáu klukkustundir sem ég er heima á koddanum er ég að hugsa um þetta þannig að það er ekki mikið sofíð. Í hópunum hefur myndast mikil stemming og ég er búin að leggja mikið upp úr því. Í svona söngleik verður að vera sannfærandi gleði og samstaða á sviðinu. Við erum því búin að halda mörg parti og fara í leynivinaleiki og hestaferðir og ætlum að halda hópinn vel í allt sumar.“

AFTUR Á SVIÐIÐ

Eftir að sýningum á Footloose lýkur ætlum Unnur að byrja á því að fara í frí. „Við maðurinn minn ætlum að vera dálítið mikið erlendis í sumar og haust. Næsta vetur fer ég svo að leika aftur. Leikstjórnin hefur verið ótrúlega mikil sköpunarútrás fyrir mig, en ég vil samt alls ekki hætta að leika. Míg langar helst að blanda þessu saman eins og margir gera í þessum bransa. Þetta er líka lítill bransi og kostur að vera dálítið opinn fyrir öllum möguleikum því það getur verið erfið að vera leikari og fá ekki alltaf verkefni á eftir verkefni. Mér finnst ég því vera mjög heppin að áhugi minn liggur aðeins viðar.“

Unnur viðurkennir að það hafi gefið henni mikið sjálfstraust að takast á við jafn stórt verkefni og að leikstýra Footloose. „Stundum hugsa ég að ég get þetta þá geti ég allt. Þetta er búið að vera mikið álag og mikil ögrun en ég hugsa það þannig að ef maður ögrar sjálfum sér þá lærir maður. Það er bara að duga eða drepast. Það eru ekki margar konur að leikstýra, sérstaklega ekki ungar konur og mjög fáar leikkonur leiðast út í leikstjórn. Mér finnst að við eigum að vera miklu óhræddari við að prófa þetta því að það er skortur á góðum leikstjórum. Við eigum að vera djarfari að taka áhættuna og henda okkur út í djúpu laugina og ég hvet bara fleiri stelpur til þess að takast á við þetta.“



Kerfisloft



Svalagler



Steypumót



Gámaeiningar



Stálgrindarhús



Felliveggir




Gler og glerlausnir

Ertu í framkvæmdahug?

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is



Hleðslubryr



Aksturs- og iónaðarhurðir



Gluggar og hurðir



Girðingar



Stigar



Kranar og vinnulyftur

Ferskur fiskur í álböggli

Umsjón: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR

Myndir: GUNNAR SVERRISSON

Grill FRÁ ECC

Það vill vefjast fyrir mörgum að grilla fisk. Margir hafa reynt við ýmsa spaða, bakka, pinna og tangir og gengið misvel. Auðveldast af öllu er hins vegar að setja fiskinn í álpappír með ýmsu góðgæti sem gefur bragð og grilla. Hér er fiskurinn eldaður með lime, engifer, hvítlauk, kóríander og fennelfræjum sem gefur létt og ferskt bragð. Það má setja allt mögulegt yfir fiskinn; hella smá hvítvíni yfir hann, setja kirsuberjatómata með í pakkann, ólífur og ferskar kryddjurtir. Einfaldast af öllu sem meðlæti er síðan grillað grænmeti.

FISKUR Í ÁLBÖGGLI MEÐ LIME, ENGIFER, HVÍTLAUK, KÓRÍANDER OG FENNELFRÆJUM FYRIR FJÓRA

- 800 g fiskur að eigin vali, roðflettur og beinhreinsaður, á myndinni er smálúðuflak sem er sérlega gott
- 3 msk ólífuolía
- 1 lime, í sneiðum
- 2 cm ferskt engifer, smátt skorið
- 3 hvítlauksrif, smátt skorin
- hnefi ferskt kóríander, rifið niður
- 1 ½ tsk fennelfræ
- salt og pipar


Leggið saman tvo stóra álpappírsrenninga. Smyrjið álpappírinn með smá olíu og leggið fiskflakið á pappírinn.

Raðið limesneiðunum jafnt á flakið og stráðið engiferi, hvítlauk, kóríander og fennelfræjum yfir. Saltið og piprið. Dreypið olíu yfir. Lokið álpappírnum þétt og vandlega um fiskinn svo hvergi sé op að sjá.

Grillið í 12-15 mín. á heitu grilli. Ath. að grilltími fer algjörlega eftir stærð og gerð fiskflaks, hann getur verið lengri en talað er um hér.

GRILLAÐ GRÆNMETI MEÐ KRYDDLGI

Hér má nota hvaða grænmeti sem er, grilltími er mislangur og sumt þarf að skera niður. Þetta er hægt að miða við:



Fiskur í álböggli með lime, engifer, hvítlauk, kóríander og fennelfræjum.



Grillað grænmeti með kryddlegi.

- aspas og vorlaukur, grillað heilt, 4 mín.
- kúrbítur og eggaldin, í sneiðum, 7 mín.
- sveppir, heilir, 7 mín.
- paprikur, skornar í báta, 12 mín.

KRYDDLÖGUR:

- 2 msk ólífuolía
- 3 msk balsamikedik
- 1 hvítlauksrif, marið
- ferskar kryddjurtir að eigin vali
- salt og pipar

Undirbúið grænmetið, smyrjið með olíu, saltið og piprið. Saxið kryddjurtirnar í kryddlögin og hrærið saman við olíu, edik, og hvítlauk. Smakkið til með salti og pipar. Grillið grænmetið skv. grilltíma. Setjið á stóran disk. Hellið kryddleginum yfir. Berið fram heitt. Ath. að afgangur af grilluðu grænmeti er mjög góður í samlokur.



TURNING LEAF:

Flott vínlína frá Gallo

Turning Leaf-vínin frá Gallo hafa verið vinsæl hérlendis, enda fjölbreytt og á hagstæðu verði. Gallo er öflugasta vínfyrirtæki í veröldinni og hefur unnið til fjölda verðlauna á liðnum árum. Til dæmis hefur Gallo unnið titilinn besti vínframleiðandinn 3 ár í röð á Vintaly-vínsýningunni í Verona á Ítalíu.

Gallo var stofnað í Kaliforníu af bræðrum af ítölskum uppruna, Ernest og Julio að nafni, og varð á nokkrum áratugum að öflugasta vínfyrirtæki veraldar. Enn í dag er Gallo rekið sem fjölskyldufyrirtæki. Gallo hefur verið í stöðugri þróun og á síðustu árum hefur verið lögð gífurleg vinna og fjármagn í að gera fyrirtækið að tákni gæðaframleiðslu. Ekki síst hefur sú fjárfesting átt sér stað í Sonoma-dalnum, þar sem ekkert hefur verið sparað til að vín Gallo skipi sér í fremstu röð.

Turning Leaf Zinfandel:

Zinfandel er án efa þekktasta afurðin í Turning Leaf-línunni hérlendis, þéttur ávöxtur og mikil kryddflóra, svartur pipar, súkkulaði og kaffi einkenna oft stærstu zinfandel-vínin. Er afbragð með lambi og er eitt af fáum vínunum sem ráða við reykt kjöt, er til að mynda mjög gott með svínakjöti.

Verð í Vínbúðum 1.220 kr.

Turning Leaf Chardonnay:

Suðrænir ávextir í bland við nýja mjúka eikartóna. Fellur vel að flestum fiski, þá sér í lagi feitara fiskmeti, til dæmis reyktum og grófum laxi. Einnig ljósum kjötréttum á borð við kalkún og kjúkling, sem og svínakjöti.

Verð í Vínbúðum 1.220 kr.

Turning Leaf Cabernet Sauvignon:

Vín unnin úr cabernet sauvignon eru þegar best lætur kraftmikil og öflug, sólber og skógarber í bland við nýja mjúka eik, og það einkennir þetta einfalda en vel samstillta vín. Fellur vel að flestu kjötmeti, svo sem lambi, grís, kalkún og nauti.

Verð í Vínbúðum 1.220 kr.



Föt, GLINGUR & DÓTARÍ

Texti & myndir:
TRYGGVI GUNNARSSON

» Að stíga inn í Sirkusportið við Laugaveg 21 er eins og að koma til útlanda. Þar er flóamarkaður með nýjum fötum, gömlum fötum, fötum frá fjarlægum löndum, skartgripum, plötum, bókum og alls konar glingri. Það eru þær Elma Lís Gunnarsdóttir og Silja Hauksdóttir sem sjá um markaðinn en þetta er þriðja sumarið sem hann er starfræktur.

Þetta er einfaldlega flóamarkaður með öllu sem í því felst og við seljum allt sem tiltölulega löglegt er að selja,“ segir Elma Lís og hlær. „Við leigjum út bása og sjáum svo um uppákomur hér á sviðinu.“ Þessar uppákomur eru af ýmsu tagi. Síðasta laugardag mætti hárgreiðslumaður á sviðið og klippti og greiddi gestum og gangandi gegn vægu gjaldi. Næsta laugardag er svo áætlað að hafa tískusýningu þar sem fólk, sem við erum ekki von að sjá spranga fram og til baka á tískusviðinu, sýnir á sér nýjar hliðar. „Þetta var líka gert í fyrra og heppnaðist svo vel að við ætlum að endurtaka leikinn. Við fáum mikið út úr því að skipa ólíkum týpum saman og láta þær sýna.



Á markaðnum kennir ýmissa grasa.

Elma Lís og Silja.



CUVEE CHANTAL: Ný frönsk kassavín

Nýverið komu í sölu í flestum vínbúðum frönsku vínin frá Cuvée Chantal. Þau fást í þriggja lítra kössum. Um er að ræða hvítvín úr þeirri kundu þrúgu chardonnay og rauðvín úr merlot þrúgunni og blanda sem nefnd er Costrieres de Nimes.



Hvítvíníð úr chardonnay er létt, ferskt, óeikað og þægilegt vín sem er tilvalið á sólpallinn og gott með öllum fiski og öðru léttu fæði. Hentar vel sem fordrykkur og með skelfiski, ljósu kjöti og fiski. „Ferskt, þægilegt vín. Fínt sólpallavín.“ segir í umsögn á Smakkarinn.is.

Verð í vínbúðum 3.480 kr.

Rauðvíníð costieres de Nimes er blanda úr syrah og grenache og hentar vel eitt og sér en er einnig gott með flestum mat. Þetta vín ræður við ansi margt og er t.d. mjög skemmtilegt með grillmat.

Verð í vínbúðum 3.650 kr.

Merlot-víníð er fjölhæft matarvín og ræður vel við bæði lamb og naut og hentar einnig vel með flestum ostum. Vín sem bæði Einar Thoroddsen og Smakkarinn.is eru sammála um að séu með betri kassavínum. „Fjölhæft matarvín“ segir Einar Thoroddsen og Smakkarinn.is bætir við „með betri kassavínum sem ég hef smakkað.“

Verð í vínbúðum 3.650 kr.





Flóamarkaðurinn er opinn alla föstudaga og laugardaga frá 12 til 18.

Básabókanir fara fram í gegnum síma 821-6013.

Þetta eru til dæmis leikarar, tónlistarmenn og pólitíkusar en í fyrra voru Gísli Marteinn og Dóri DNA flottir saman," segir Silja. Fólkið sem komið er saman á markaðnum er eins og dótið sem þar er selt, það kemur alls staðar að. Í einum básnum er að finna dót frá Indlandi og heimagerða skó. Í næsta bás selur hönnuðurinn Íris Eggertsdóttir skartgrip og þar við hliðina eru Elma Líska og Silja með sinn bás. „Ég er fatasjúk en það er svo gott að geta réttlætt fatakaupin með því að hugsa að maður eigi eftir að selja þetta aftur," segir Elma Líska og glottir. „Það er mjög frelsandi

að losa sig við dót, hreinsa úr skápunum og mynda pláss fyrir nýtt dót. Það er gott feng shui," bætir Silja við.


Flíkurnar í bás stelpnanna eru héðan og þaðan. Mikið frá Elmu Lísu kemur frá Barcelona en þar eru upphaldsmarkaðir hennar, eitthvað er keypt hérlandis og Silja bætir við að eitthvað sé frá gömlum kærustum. Einhverra hluta vegna var hún illfánleg til að útskýra það nánar og samtalinu var haganlega stýrt í þá átt að það vantaði meira strákadót á markaðinn. „Við erum að vinna að því," segir Elma Líska. „Stelpurnar eru miklu duglegri að koma og selja. Við höfum haft nokkra stráka og Hugleikur Dagsson hefur til dæmis verið hérna að selja teiknimyndir og listaverk."

Þrátt fyrir að Íslendingar séu öllu vanir eru þeir lítið fyrir að láta sjá sig nema vel viðri. Fyrir þessu finna stelpurnar. „Það er skemmtilegra að standa hérna í sól og það er fleira fólk sem mætir," segir Elma Líska. „En þeir sem mæta þegar rignir eru klárlega að fara að versla," bætir Silja við og hlær. „Annars erum við hér alla föstudaga og laugardaga. Það er plast yfir öllu og rétt eins og í útlöndum er markaðurinn opinn hvernig sem veðrið er."

Á meðan viðtalið fór fram var allt á þönum á markaðnum og Elma seldi tvo kjóla af sjálfri sér. Með báðum flíkunum fylgdi lítil saga, lítil sál. Þetta er það sem miðbærinn þarf meira af - sál. Það er furðulegt að ganga niður Laugavegin fyrir hádegi á laugardegi og einu hraðurnar sem sjást eru fjórir þýskir túristar. Það vantar meiri götustemningu í borgina og því eru stelpurnar á réttri leið með flóamarkaðnum.



**KJÓLAR
TVEIR FYRIR EINN!**



**HÆLASKÓR
KR. 1500**

TILBOÐIÐ GILDIR 29.06 - 10.07
opið alla daga einnig sunnudaga



AUSTURSTRÆTI 8-10 101 REYKJAVÍK 534 0005

» HJÁLPAR FÓLKI MEÐ TÓNLISTINNI

Inga Björk Ingadóttir útskrifaðist í febrúar sem músíkþerapisti eftir tæplega fimm ára nám í Berlín. Músíkþerapía er meðal annars notuð til þess að flýta fyrir bata hjá sjúkum, ýta undir þroskaferli fatlaðra eða barna, sem líknandi meðferð eða hreinlega til þess að hleypa töframætti tónlistarinnar inn í hjarta mannsins.

Texti: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR Myndir: GVA

Músíkþerapisti er meðferðaraðili sem notar tónlist, söng og hreyfingu til þess að ýta undir samskipti eða hjálpa fólki að tjá sig. Til þess eru notuð alls kyns hljóðfæri og eru mikil fræði á bak við það hvaða hljóðfæri er notað hverju sinni, hvernig það er notað og hvaða leiðir eru farnar. Inga Björk hefur alltaf verið í miklum tengslum við tónlist og þegar hún sá grein um músíkþerapíu þegar hún var þrettán ára vissi hún strax hvað hún vildi gera við tónlistarhæfileika sína. „Ástríða mín fyrir tónlist hefur alltaf byggst á því hversu miklum töframætti tónlistin er gædd. Það sem heillaði mig við músíkþerapíu var að þarna fann ég vettvang þar sem ég gat notað þessa töfra og starfað við það. Ekki bara fyrir sjálfa mig heldur markvisst notað tónlistina til þess að láta öðru fólki líða betur,“ segir Inga Björk en hún byrjaði strax eftir uppgötvun sína að undirbúa sig fyrir námið, þrátt fyrir ungan aldur og litla vitneskju um fagið.

TÓNLISTIN HEFUR LÆKNINGAMÁTT

„Ég tók sálfræði- og tónlistarbraut í MH, lauk burtfararprófi frá Tónlistarskóla Kópavogs í pianóleik og eftir stúdentinn fékk ég vinnu á leikskóla sem vann samkvæmt Waldorf-stefnunni. Þar kynntist ég mannspeki Rudolfs Steiner og komst að því að hægt væri að læra músíkþerapíu sem byggð væri á þeirri speki, en það eru aðeins þrjár eða fjórir skólar í heiminum sem kenna þá tegund músíkþerapíu. Oft er litið á tónlist eingöngu sem tjáningarmáta en samkvæmt mannspekinni býr tónlistin yfir vissum eiginleikum og hefur þannig sjálf lækningamátt en er ekki bara verkfæri. Námið gengur til dæmis út á það að kynnast sjálfum sér, tónlistinni og lækningamætti tónlistarinnar í gegnum reynslu. Í skólanum var lítið stuðst við námsbækur því áherslan var lögð á að við prófuðum alla hluti sjálf. Það er ekki hægt að búa til reglur í músíkþerapíu því að hver og einn einstaklingur býr yfir sinni eigin sögu og maður þarf alltaf að byrja upp á nýtt með hverjum og einum,“ segir Inga Björk.

Inga Björk fékk að kynnast ólíkum starfsvettvangi músíkþerapíu í gegnum starfsnám sitt. „Til dæmis vann ég á krabbameinssjúkrahúsi í Suður-Þýskalandi þar sem ég vann mjög mikið með dauðvona sjúklingum. Músíkþerapía gengur yfirleitt út á að láta sjúklinginn leika sjálfan á hljóðfæri en þarna voru of veikir einstaklingar til þess. Þannig að ég spilaði mikið fyrir þá á lýru sem er hljóðfæri sem helst

er hægt að líkja við hörpu. Í svona aðstæðum notar músíkþerapistinn tónlistina til þess að halda utan um dauðaferlið. Sjúkrahúsið vinnur eftir sömu speki og skólinn minn þannig að mikið er lagt upp úr því hvernig farið er inn í dauðann og að sjúklingnum sé fylgt af virðingu inn á nýtt svið. Ég notaði tónlistina til þess að styðja dauðvona sjúklinga á þennan hátt með því að spila tónlist eftir þeirra andrúmslofti og tilfinningum. Ég tók líka starfsnám í skóla fyrir andlega fötl-

uð börn þar sem þau spiluðu sjálf á hljóðfærin. Með grunneiginleikum úr tónlistinni er hægt að koma af stað umbreytingarferli hjá skjólstaðingnum. Tónlistin hefur áhrif á eiginleika í hegðun eða á persónueinkenni sem ekki er hægt að tala um eða vinna með á annan hátt. Þannig nær maður árangri, jafnvel þó að breytingin sé eingöngu í undirmeðvitund einstaklingsins,“ segir Inga Björk.

FRAMTÍÐIN Í ÞÝSKALANDI

Eftir að skólanum lauk hefur Inga Björk haldið áfram að vinna með eina stúlku úr skólanum og er auk þess byrjuð að taka sjúklinga heim til sín í meðferðir. „Ég atlaði nú að taka þá úr eftir skólann þar sem þetta nám getur verið krefjandi og tekið á sálina. Svo komu bara tækifærin upp í hendurnar á mér og ég fagnaði því. Ég er líka að vinna á leikskóla þar sem ég kynni lítil börn fyrir ríkidæmi tónlistarinnar, örva samskiptaþroska þeirra og vinn með öðrum eiginleikum sem gefur þeim gott veganesti inn í framtíðina. Ég atlaði nú alltaf að koma

heim til Íslands með fræðin með mér því ég hef lært nýjar aðferðir sem væru góð viðbót við músíkþerapíu á Íslandi. En svo kynntist ég manninum mínum í Berlín og þá varð allt svolítið flóknara. Þannig að nánustu framtíð sé ég fyrir mér í Þýskalandi en Ísland er alltaf bak við eyrað að kalla svolítið á mig. Enda er ekki vanþörf á því hér á landi að bæta við músíkþerapistum þar sem allir eru að kafna úr stressi og ofvirkni er til dæmis orðin alengt vandamál hjá börnum. Tónlist er góð fyrir alla og hægt er að nota hana með hverjum sem er enda getur tónlistin dreift töfrum sínum til allra,“ segir Inga Björk að lokum.



Inga Björk Ingadóttir starfar sem músíkþerapisti í Berlín.

www.fronkex.is



Fíkju bitar



Nýtt frá Frón

kemur við sögu á hverjum degi!

Alvöru fíkjubiti!

Í Frón Fíkjubitum er fyrsta flokks fíkjumassi og auk þess mun herra hlutfall af fíkjum en í öðrum sambærilegum vörum. Smakkaðu bara!

Sumartískan í blíðunni!

Kynning

Það er um að gera að klæðast fallegum og fínum kjólum í sumarblíðunni svo ekki sé nefnt góðum söndulum þegar hlýtt er í veðri. Toppar og síðaerma bolir eru ekki síður góður kostur á sumardögum sem og þunnar og léttar buxur.



Glamúr - Laugavegi 41
Verð 4.500



Next - Kringlunni
Verð 3.490



Noa Noa - Kringlunni
Verð 6.990



gs skór - Kringlunni
Verð 5.990



gs skór - Kringlunni
Verð 5.990



Mona - Laugavegi 66
Verð 4.300



Focus - Kringlunni
Verð 4.990



Next - Kringlunni
Verð 6.390



Next - Kringlunni
Verð 3.590



Gallerí 17 - Kringlunni
Kjöll kr. 3.990, toppur innan undir kr. 1.690



Gallerí 17 - Kringlunni
Verð 3.990



Benetton / Sisley - Smáralind
Verð 5.795. Til einnig í svörtu, hvítu og grænu



Focus - Kringlunni
Verð 4.990

Krullað OG NÁTTÚRULEGT

Fyrir stuttu síðan átti hárið helst að vera rennislétt og tóku þá margar konur sér hár Jennifer Aniston til fyrirmyndar. Jennifer sagðist hins vegar síðar í viðtali nánast hafa eyðilaggt á sér hárið með endalausri sléttujárnsnotkun og væri hætt því.

Í dag er náttúrulega útlitið vinsælast og þar á meðal náttúrulegir liðir. Þessa tísku hefur mátt sjá hjá stjórnunum síðustu mánuði sem virðast þó margar hverjar gera meira en láta sína eigin liði njóta sín. Því má segja að krullujármið hafi tekið við af sléttujárninu.

Texti: MARÍA ÞÓRA ÞORGEIRSDÓTTIR Myndir: GETTY IMAGES



ANNA KOURNIKOVA



PINK



BEYONCE KNOWLES



KIRSTEN DUNST



PENELOPE CRUZ



HALLE BERRY




SCARLETT JOHANSON



TERI HATCHER



NICOLE KIDMAN



Þrjár af hverjum fjórum lesa Birtu

Samkvæmt nýjstu könnun Gallup* lesa yfir 74% af konum á aldrinum 18 til 49 ára á Suðvesturhorninu tímaritið Birtu. Þetta þýðir að 3 af hverjum 4 konum lesa tímaritið sem auk þess hefur afgerandi forystu meðal annarra þjóðfélagshópa. Lesturinn á Birtu hefur aldrei mælst meiri.

Hvar birtist auglýsingin þín?

birta

Mest lesna tímarit landsins

* Skermyllustu könnun Gallup (maí 2006)

Brynhildur Björnsdóttir elur upp



Risasmá

Eitt af því fjölmarga sem nýbakaðir foreldrar þurfa að reyna á sjálfum sér til að trúa er hvað börn stækka óheyrilega hratt. Frá því ég komst á fullorðinsár hef ég vanist á að mæla tímann í mánuðum, önnum eða jafnvel árum en nú verða svo örur breytingar á dóttur minni að vika getur reynst allt of stór mælieining.

